

**VSÓ RÁÐGJÖF**



**Landslags- og garðyrkjutækni**



## SELJATJÖRN

### Skýringar

- Garðbekkir
- Grasengi
- Grús og sandstígar
- Hellulagnir
- Leikvöllur
- Malbikaðir fletir
- Náttúruleikar tjarnir
- Skraufjölæringabeð
- Skrautrunnabeð
- Skrúðgaragrasflöt
- Steinabeð
- Sumarblómabeð
- Trjálundur

## **Umhirðuviðmið og –áætlanir**

### **Umhirða grænna svæða (U.G.S.)**

VSÓ Ráðgjöf vinnur áætlanir vegna umhirðu grænna svæða, s.k. umhirðu-áætlanir, en þær eru verkfæri þeirra sem á einhvern hátt koma að umhirðumálum. Umhirðuáætlanirnar eru hluti af ferli sem fyrirtækið vinnur eftir og byggja m.a. á teikningum og loftmyndum, greiningu á svæðunum og faglegu mati. Þegar farið hefur verið í gegnum ferlið verður til mjög nákvæmt safn upplýsinga og yfirlit um grænu svæðin og umhirðu þeirra sem kalla má umhirðuhandbók.

### **Ávinningur af notkun umhirðuáætlana**

Fjárhagslegur ávinningur:

- Markvissari verkstjórn
- Markvissari vinnubrögð við umhirðuna
- Aukin kostnaðarvitund stjórnenda og starfsmanna

Ímyndar ávinningur:

- Meiri gæði umhirðunnar
- Útlit svæðanna í samræmi við væntingar
- Áætlanirnar geta verið aðgengilegar fyrir almenning í gegnum landupplýsingakerfi



## Landslags- og umhverfishönnun

VSÓ Ráðgjöf sinnir allri almennri landslags- og umhverfishönnun, m.a.:

- Fjölbýlishúsalóðir
- Kirkjulóðir og kirkjugarðar
- Leikskóla- og skólalóðir
- Útivistarsvæði
- Stofnana- og fyrirtækjalóðir
- Íþróttamannvirki
- Götur og göngustígar
- Frístundalóðir
- Ferðamannastaðir

## Verkefnisstjórnun

VSÓ Ráðgjöf hefur áralanga reynslu af verkefnisstjórnun og framkvæmda-eftirliti en einnig af útboðsmálum almennt. Þjónusta sem einkum og sér í lagi beinist að landslags- og garðyrkjuverkefnum er þó meðal nýjunga, en slík vinna hefur í æ ríkara mæli farið útboðsleiðina hin síðari ár. Þjónustunni er ætlað að auðvelda þeim aðilum sem hyggja á útboð „grænna“ verkefna vinnuna, gildir það bæði um nýframkvæmdaverkefni og umhirðuverkefni.

Þjónustuna má greina í eftirfarandi aðalflokka:

- Áætlanagerð (m.a. umhirðuáætlanir og kostnaðaráætlanir)
- Verkefnisstjórn
- Útboðs- og verklýsingar
- Umsjón útboða
- Umsjón og eftirlit framkvæmda (nýframkvæmdir og umhirðuverkefni)



## **Ástandsmat umhverfis**

### **Leiksvæði, grendarvellir og opin svæði**

Innleiðing og uppsetning innra eftirlits vegna öryggis á leikvöllum, grendarvöllum og opnum svæðum.

### **Nærsvæði mannvirkja**

Ástandsmat á lóðum umhverfis stærri mannvirki með það að markmiði að auðvelda og bæta umhirðu. Oft er um stærri svæði að ræða, t.d. stofnana- og virkjanalóðir.

### **Fræðsla, námskeið og kennsla**

Starfsmenn landslags- og garðyrkjutækni hafa allir reynt af kennslu og námskeiðahaldi í tengslum við garðyrkju- og umhverfistengd fög. Boðið er upp á námskeið fyrir starfsmenn umhirðu- og garðyrkjudeilda. Námskeiðin eru sniðin að þörfum hvers vinnustaðar.

VSÓ Ráðgjöf hefur gefið út handbækur með vinnuleiðbeiningum fyrir starfsmenn umhirðu- og garðyrkjudeilda. Í handbókunum er leitast við að leiðbeina starfsmönnum á uppbyggjandi hátt og gera vinnuna markvissari. Einnig hafa verið gerð plaköt með leiðbeiningum um meðferð véla og verkfæra í garðyrkju auk öryggisleiðbeininga um vinnu og fatnað í garðyrkjustörfum.

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, fax: 585 9010, netfang: vso@vso.is, heimasíða: www.vso.is



## Um fyrirtækið

VSÓ Ráðgjöf ehf. var stofnað árið 1958. Í upphafi starfaði fyrirtækið einkum á sviði byggingarverkfræði en á síðari árum hefur verið lagt út á nýjar brautir í þjónustu til að mæta auknum þörfum viðskiptavina. Árið 2005 hóf VSÓ að veita ráðgjöf varðandi landslags- og garðyrkjutækni og hefur sá þáttur farið vaxandi með hverju árinu.

Upplýsingar um starfsemi VSÓ Ráðgjafar má finna á heimasíðu okkar [www.vso.is](http://www.vso.is)